



Alþingi
Erindi nr. P 135/310
komudagur 16.11.2007

Reykjavík, 16. nóvember 2007

Fjárlaganefnd
Gunnar Svavarsson, formaður

Vísað er til bréfs yðar frá 10. október sl. þar sem óskað er eftir álitni nefndarinnar á frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2008. Hér með sendist álit 1. minni hluta nefndarinnar sem Valgerður Sverrisdóttir stendur að.

F.h. Valgerðar Sverrisdóttur

Einar Farestveit
ritari sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar

SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARNEFND

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2008 (04 Landbúnaðarráðuneyti og 05 Sjávarútvegsráðuneyti).

Frá 1. minni hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar (VS).

1. minni hluti vísar til umsagnar um breytingu á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands hvað varðar álit á sameiningu ráðuneytanna og uppskiptingu stofnana sem undir þau heyra.

1. minni hluti stendur að skiptingu safnliðanna *04-190-1.90-Ýmis verkefni* og *05-190-1.90-Ýmislegt samkvæmt beiðni fjárlaganefndar*. Tillögur þær koma fram í fylgiskjali með meirihlutaálit.

Samkvæmt mótvægisáðgerðum ríkisstjórnarinnar vegna samdráttar í þorskafli, sem tilkynnt um 12. september sl., er ekki að sjá aukningu til hafrannsóknna sem nokkru nemur. Þar eru vissulega 20 millj. kr. framlög til hafrannsóknna í Vestmannaeyjum og Ólafsvík og aðrar 20 millj. kr. til sjávarrannsóknarseturs í Ólafsvík sem minni hlutinn styður.

Hins vegar er skoðun x. minni hluta að verulega þurfi að auka fjárframlög til hafrannsóknna og tengist það þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að draga úr þorskveiðum um yfir 60 þús. tonn.

Þingflokkur framsóknarmanna birti 3. júlí sl. tillögur um mótvægisáðgerðir sem fólu í sér að gengið yrði skemur í átt til skerðingar þorskkvóta en ríkisstjórnin ákvað. Tillögurnar voru m.a. byggðar á þeirri staðreynd að ágreiningur hafi verið uppi um þær aðferðir sem verið hafa grundvöllur að veiðiráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar og ýmsar vísbendingar uppi um að ástand þorskstofna sé með þeim hætti að ekki hefði þurft að ganga jafn langt og raunin varð.

Í tillögum þingflokksins var af þeim sökum lagt til að 400 millj. kr. yrðu árlega veittar á kjörtímabilinu til aukinna rannsókna í því skyni að auka þekkingu okkar á vistkerfi sjávar. Einnig þarf að kanna sérstaklega áhrif veiðiaðferða, veiðarfæra, veiðitímabila og hvalastofna, auk innbyrðis samspils hinna ýmsu stofna.

Alþingi, 15. nóv. 2007.

Valgerður Sverrisdóttir.